

2. tölublað, 5. árgangur. Nóvember 2009

FRÍMÚRARINN



Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi



Allt frá pípu lakki oní skó



Hátiðavesti (5 hnappa)



Lakkskór (ný tegund)



Hattar



Kjölskyrtur



Snapsa-glös



Gjafavara - Gjafavara - Gjafavara - Gjafavara



Viski-glös



Koniaks-glös



Karaffla með 4 glösum

Fylgihlutir - Fylgihlutir - Fylgihlutir



Ermahnappar



Brjósthnappar



Lindaklemma/bindisnæla



Smeygur



Múrskeið sem bréfaþnifur



ADAM

Laugavegi 47 - Sími: 551 7575 & 552 9122

Veidi

Ekki bara fyrir konur



VEIÐIHORNID

Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Veidihornið – Síðumúla 8 – 108 Reykjavík – 568 8410
veidihornid.is

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Arnór L. Pálsson
frankvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfarastjóri



Frimann Andrésson
útfararþjónusta



Svafar Magnússon
útfararþjónusta



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

*Þegar andlát
ber að höndum*

*Önnumst alla þætti
útfararinnar*



ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is



Hjá Úlfari

**Er fiskur of góður
fyrir þig?**

Loftræstikerfi

•

Kerrusmíði

•

Ál og Stálsmíði

•

Öll almenn blikksmíðavinna

**BLIKKSMÍÐJAN
BORG ehf.**

Flugumýri 8 • 270 Mosfellsbæ
Sími: 587 6040 • Fax: 587 6045
Frankvæmdastjóri: Sigurður B Hansen

Velkomnir til starfa

Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi
 Skúlagötu 53-55,
 Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

Ritstjóri

Steinar J. Lúðvíksson (X),
 stjll@simnet.is

Ritstjórn

Gunnlaugur Claessen YAR (ábm.)
 Guðbrandur Magnússon (IX)
 gudbrandur.magnusson@gmail.com

Jónas Gestsson (X)
 jonasgestsson@simnet.is

Páll Júlíusson (IX)
 pj@pj.is

Steingrímur S. Ólafsson (IX)
 denni@islandia.is

Pór Jónsson (I)
 thorjonsson@kopavogur.is

Auglýsingar

Páll Júlíusson (IX)
 pj@pj.is

Prófarkalestur

Bragi V. Bergmann (VI)
 bragi@fremri.is

Netfang

Greinar sendist til
 frimur@centrum.is
 merktar: Frímúrarinn

Prentun:

Litlaprent ehf., Kópavogi

Efni greina í blaðinu eru
 skoðanir höfunda og þurfa
 ekki að vera í samræmi við
 skoðanir Reglunnar.

Höfundar efnis framselja
 birtingarrétt efnisins til útgefanda.
 Ritstjórn áskilur sér rétt til
 að ritstýra aðsendu efni.

Forsíðumynd

Guðbrandsbiblía
 Ljósmyndari: Guðmundur Skúli Viðarsson

„Markmið Reglunnar er að
 göfga og bæta mannlífið.
 Reglan vill efla góðvild
 og drengskap
 með öllum mönnum
 og auka bróðurþel
 þeirra á meðal.“

Nýtt starfsár er hafið og ég býð alla bræður velkomna til starfa. Því fylgir ávallt nokkur eftirvænting að koma til fyrsta fundar nýs starfsárs og hitta á ný félaga og vini. Ekki verður annað sagt en fundarstarfið hafi byrjað vel. Á fyrsta fund Landsstúkunnar mættu 174 bræður og á 60 ára afmælisfund Huldar komu 144 bræður. Fyrstu

fundir annarra stúkna hafa einnig verið vel sóttir. Þessi mikli áhugi er sérstaklega ánægjulegur.

Erlendur frímúrarari spurði mig nýlega hvort bræður á Íslandi sæktu fundi vegna áhuga á fræðunum og boðskap Reglunnar eða fyrst og fremst vegna félagsskaparins. Ég svaraði með því að vitna í máltækið: „Svo er margt sinnið sem skinnið.“ Eflaust litu bræður mismunandi augum á þáttöku sína í Reglunni. Samt væri ég nokkuð viss um að flestir bræður sæktu fundi til að njóta kyrrðarinnar, umhverfisins og boðskaparins, – að hvíla hugann frá amstri hins ytra heims og áhyggjum hversdagsins. Á frímúrarafundum væri lífið og tilveran metin á annan hátt. En jafnframt sæktu menn styrk í bræðralagið og bróðurhuginn og því væri félagsskapurinn einnig mikilvægur.

Þessi erlendi frímúrarari sagði mér þá frá áhyggjum sínum af því að í hans landi væri boðskapurinn á undanhaldi og veki nú minni áhuga en áður. Þar sæktu menn fyrst og fremst fundi til að hitta félaga sína.



Valur Valsson SMR

Ég hef ekki slíkar áhyggjur. Íslenskir frímúrarar hafa lifandi áhuga fyrir boðskapnum. Það sannast meðal annars á umræðum bræðra og spurningum sem brenna á vörum margra bræðra. Og það hefur líka sannast á áhuga og aðsókn að fræðslufundunum Jóhannesi, sem hafa verið haldnir þrívægis og það sýndi sig einnig á

Andrésí 2009 nú í október.

Í stúkustarfinu er þessum áhuga meðal annars mætt með fræðsluerindum, stuttum eða löngum, á nær öllum fundum eða við bróður máltíðir.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka stólmeisturum og ræðumeisturum stúkna fyrir dugnað þeirra við að fylgja þessum sið eftir. Það er mikilvægt að þessu starfi verði haldið áfram.

Þá vil ég þakka öllum þeim bræðrum sem sjá um bókasöfn í Regluheimilinu í Reykjavík og í stúkuhúsum vítt og breitt um landið. Með starfi bókasafnanna er áhuga bræðra um boðskapinn einnig mætt. Þannig er með margvíslegum hætti stutt við lifandi áhuga bræðranna á fræðum Reglunnar.

Framundan er spennandi starfsár og ég hlakka til að hitta bræður á nýjan leik.

Valur Valsson,
 stórmeistari

Frímúrarareglunnar á Íslandi



Skemmtileg og fræðandi ráðstefna. Fremst sitja (frá vinstri) Jónas Gestsson form. Fræðslunefndar, Snorri Magnússon og sr. Kristján Björnsson, en þeir fluttu báðir erindi á ráðstefnunni. Ljósmyndir: Rúnar Hreinsson.

Andrés 2009 í Regluheimilinu í Reykjavík

Undirbúningur fyrir ráðstefnuna Andrés 2009, hófst á vormánuðum undir styrkri stjórn þeirra Jónasar Gestssonar og Sigmundar Arnar Arngrímssonar. Ráðstefnan var sameiginlegt verkefni Fræðslunefndar Frímúrarareglunnar svo og St. Andrésar stúknanna Helgafells, Hlínar, Heklu, Huldar á Akureyri og St. Andr. Fræðslustúkunnar Hörpu á Ísafirði. Ráðstefnan var haldin þann 25. október í Regluheimilinu í Reykjavík. Dagskráin var tvískipt. Fyrri hlutinn sameiginlegur, en sá síðari stigbundinn. Gunnlaugur Claessen YAR setti ráðstefnuna og bauð bræður velkomna. SMR Valur Valsson flutti ávarp og lýsti ánægju sinni með að ráðstefna sem þessi skyldi vera haldin. Fundarstjóri sameiginlega hlutans, Steinn G.

Ólafsson Stm. Helgafells, stýrði fundinum af lagni og lipurð. Erindi fluttu Einar Einarsson, DSM og fyrrv. Stm. Helgafells, Kristján M. Magnússon, Rm. Huldar, og Guðmundur Tómasson, Stm. Fjölnis. Að loknum erindunum voru bornar fram fyrirspurnir, og fengust góð svör og skýringar við öllum spurningum.

Eftir kaffihlé skiptust bræður í tvo hópa eftir stigum.

St. Andrésar Ungbræðra- og Meðbræðrastigshópnum stýrði Hákon Birgir Sigurjónsson, Stm. Hlínar en erindin fluttu Björgvin Bjarnason, Rm. Hörpu og Ingólf J. Petersen, fv. Stm. Helgafells. St. Andrésar Meistarstigshópnum stýrði Halldór Jóhannsson, Stm. Heklu, en erindin fluttu sr. Kristján Björnsson, Km. Hlés og Snorri Magnússon,

A.Sm. Landsstúkunnar. Að loknum erindunum fóru fram fjörugar umræður varðandi þau málefni er fram komu á fundinum.

Um 160 bræður sóttu ráðstefnuna og fengu þeir að heyra mjög margt áhugavert og heillandi, sem um leið varpaði ljósi á ýmsar fyrri vangaveltur og verður án efa til þess að menn heimsækja nú bókasöfnin enn betur til að kafa dýpra í fræðin. Öll erindin verða prentuð og afhent bókasafni Reglunnar.

Öllum bræðrum er komu að ráðstefnunni með einum eða öðrum hætti er þakkað þeirra framlag, sem varð til þess að samverustundin heppnaðist frábærlega vel í alla staði.

Jóhann Ólafur Ársællsson.



Valur Valsson, Stórmeistari Reglunnar.



Sr. Örn Bárður Jónsson ÆKR.



Góð þátttaka var á fundinum. Meðal annarra voru þar (á fremsta bekk frá vinstri) Einar Einarsson DSM, Gunnlaugur Claessen YAR og sr. Úlfar Guðmundsson St.Km.



Líflegar umræður. Magnús Halldórsson, St. Jóh. Nírði, ber fram fyrirspurn.



Guðbrandsbiblía

Einn merkasti dýrgripur íslenskrar menningar í eigu Frímúrarareglunnar – árituð af Guðbrandi Þorlákssyni biskup

Guðbrandsbiblía er fyrsta heildarútgáfa Biblíunnar á íslensku, prentuð á Hólum í Hjaltadal og kennd við Guðbrand Þorláksson (1541-1627) biskup að Hólum.

Guðbrandur var sonur sr. Þorláks Hallgrímssonar, prests á Mel í Miðfirði, og Helgu Jónsdóttur. Guðbrandur þótti vera einn mesti lærdómsmaður á Íslandi, einn af fulltrúum húmanismans og hafði mikinn áhuga á landafræði, stærðfræði og stjörnufræði. Hann lærði í Hólaskóla

á árunum 1553-1559 og síðar í Kaupmannahafnarháskóla árin 1560 til 1564. Eftir heimkomuna varð hann rektor í Skálholtsskóla og síðar prestur á Breiðabólstað í Vestur-Hópi, en þar var starfrækt prentsmiðja. Árið 1570 var Guðbrandur af konungi kvaddur til biskups á Hólum í Hjaltadal, enda einn af fáum Íslendingum sem hlotið höfðu menntun í Hafnarháskóla. Hann var síðar vígður til biskups í Frúarkirkjunni 8. apríl 1571 og kom það sama sumar til

stóls síns og gegndi þar biskupsembætti sínu til dauðadags.

Fljótlega eftir komuna að Hólum hóf Guðbrandur undirbúning að gerð og prentun Biblíunnar sem síðar var við hann kennd. Það var hins vegar ekki fyrr en árið 1579 að Friðrik II Danakonungur gaf út tvö bréf þar sem Guðbrandur fékk leyfi til að láta prenta Biblíuna og að allar kirkjur landsins voru skyldaðar til að kaupa eitt eintak auk þess sem konungur lofaði fjárstuðningi til verksins. Við



Upphaf Jóhannesarguðspjalls. Ljósmyndir: Guðmundur Skúli Viðarsson.

undirbúning útgefunnar notaði Guðbrandur eldri þýðingar eins og hægt var. Hann tók Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar (1540) upp nálega óbreytt og hvað Gamla testamentið snerti notaði hann þýðingar Gissurar Einarssonar.

Sagt er að sjö menn hafi prentað bókina á tveimur árum og hefur prentunin líklegast hafist 1582. Talið er að tvær pressur hafi verið notaðar til að flýta prentuninni og yfir verkinu var Jón Jónsson frá Breiðabólstað í Vestur-Hópi.

Guðbrandsbiblían er 1.242 blaðsíður í stóru broti og alls voru prentuð um 500 eintök.

Ekki er vitað með vissu hversu margar Biblíur úr upphaflegu útgefanni eru til, en talið er að eintökin telji varla fleiri en þrjá til fjóra tugi. Vitað er um fjögur eintök sem árituð eru af Guðbrandi sjálfum og er einn slíkur dýrgripur í eigu Frímúrarareglunnar á Íslandi.

Satt er það, Frímúrarareglan á Íslandi á einhvern merkasta dýrgrip íslenskrar menningar. Það er því varla ofsögum sagt að Guðbrandsbiblían sé eitt mesta afrek íslenskrar prent- og útgefusögu. Mikilvægi Biblíunnar til varðveislu íslenskrar tungu verður aldrei metið til fjár.

Guðbrandsbiblían „okkar“, sem prentuð var og gefin út árið 1584, er gjöf Gunnlaugs Einarssonar læknis frá Eiríksstöðum á Jökuldal til St.

Jóh.St. Eddu. Br. Ársæll Árnason bókbindari batt bókina inn í brúnt maroccin skinn, handgyllt eftir eigin teikningu og gaf hann bandið. Þetta var árið 1927. Gjöfina tileinkaði hann vini sínum, br. Agli Jacobsen, sem þá var látinn. Ársæll var bróðir í Eddu, bóksali og bókaútgefandi, en vann sín síðustu ár við bókband á Landsbókasafni. Gefandinn lét kvaðir fylgja gjöfinni:

„Þessa bók, sem er með eiginhandararitun Guðbrands biskups sjálfs á titilblaðinu og að því er ég veit bezt hefur jafnan verið í minni ætt, gef ég hér með St. Jóh.St. Eddu í Reykjavík til fullrar eignar og umráða, að því tilskildu: 1) Að hún gæti hennar vel og geymi hana jafnan intra nuiros comencios svos og á góðum stað. 2) Að hún verði stúkunnar ævarandi eign, og verði ekki af hendi látin á meðan stúkan starfar hér á landi. 3) Að stúkan sjái svo um að bókin gangi til þjóðminjasafnsins með sömu skilmálum og hér er greint, ef stúkan og þar með frímúrarareglan skyldi leysast upp hér eða hætta störfum á Íslandi.

Reykjavík 25. október 1923
G Einarsson Eiríksstöðum,
Jökuldal.“

Lengi vel átti Guðbrandsbiblían „okkar“ ekki neinn fastan samastað og var hún því lengur en skyldi í einskonar bráðabirgðageymslu í skjálaskáp í einu af vinnuherbergjum Regl-

unnar. Það var svo fyrir fáeinum árum og fyrir tilstuðlan áhugasamra bræðra, að Guðbrandsbiblíunni var komið í vörslu og ábyrgð Minjasafns Reglunnar sem búið hefur Biblíunni viðeigandi umgjörð við anddyri hátíðarsals Reglunnar.

Sérstakar þakkir vil ég færa eftirtöldum bræðrum sem veittu mér lið við gerð þessarar greinar, en þeir eru: Ísleifur Jónsson, Sæmundur Guðmundsson, Jón Þór Hannesson, Trausti Laufdal, Hallgrímur Marinósson, Guðmundur Viðarsson og síðast en ekki síst br. Gunnlaugur Claessen.

Höskuldur Höskuldsson,
Bv. R.

Heimildir:

- Ragnar Fjalar Lárusson: Hólabiblíurnar þrjár, Þá sporet af gamle bibler, [Kbh.] 1995, 36-39.
- Stefán Karlsson: Um Guðbrandsbiblíu. Saga 22 (1984), 46-55.
- Gunnar Karlsson o.fl.: Fornir tímar, Saga 103 (2003), 192-195.
- Magnús Már Lárusson: Formáli að ljósprentun Guðbrandsbiblíu (1956).
- Sveinbjörn Pálsson: Gotneskt letur og Guðbrandsbiblían, ritgerð (2008).
- Skjöl (4 eintök) af Minja- og bókasafni Reglunnar, skjölin eru ódagsett, höfundar ókunnir.
- Guðbrandur Þorláksson: Guðbrandsbiblían (1584).
- Fylgiskjöl og áritanir Guðbrandsbiblíu: Gjafabréf: 1) Ársæll Árnason 2) Gunnlaugur Einarsson.



*Starfsmenn
Ljósmyndasafns, f.v.:
Rúnar Hreinsson,
Matthías Árni
Jóhannsson,
Bjarni Ómar
Guðmundsson,
Jón Bjarni
Bjarnason,
Jón Þór Hannesson
og Guðmundur Skúli
Viðarsson.*

Ljósmyndasafn Reglunnar: Varðveisla minninga

Aðdraganda að stofnun Ljósmyndasafns Frímúrarareglunnar má rekja allt aftur til ársins 1988, þegar þáverandi SMR, Indriði Pálsson, fól Minjaverði Reglunnar, Ragnari Borg, að kanna á hvern hátt væri hentugast að varðveita ljósmyndir í eigu Reglunnar. Br. Eyjólfí Halldórssyni var falið að skipuleggja það og hafa umsjón með því, en hann ásamt br. Hauki Björnssyni gerði skipulagsskrá fyrir safnið. Strax í upphafi hófst mikil vinna við skönnun gamalla ljósmynda og vann br. Ólafur Brynjólfsson mikið og gott starf við það verk. Þáttur br. Guðlaugs Guðjónssonar og br. Karls Guðmundssonar við skráningu skal ekki vanmetinn enda voru skannaðar og skráðar um 3.000 ljósmyndir. Það kom fljótlega í ljós þegar myndirnar voru skráðar að yngri bræður þekktu ekki alla bræður á myndunum. Það er því mikilvægt að réttar upplýsingar fylgi myndum sem berast safninu á hverjum tíma. Stór hluti gömlu myndanna eru verk br. Vigfúsar Sigurgeirsson-

ar ljósmyndara og hefur br. Gunnar Vigfússon séð til þess að allar myndir sem faðir hans tók fyrir Frímúrararegluna eru nú komnar á safnið.

Ljósmyndasafnið hefur alla tíð heyrð undir Minjasafn Reglunnar og hefur samstarf safnanna verið með ágætum. Upphafleg tillaga að reglugerð safnsins þarfnast nú endurskoðunar þar sem umhverfi og tækni hafa breyst. Því er Fræðaráð að vinna nýjar starfsreglur fyrir safnið. Nauðsynlegt er að setja skýrar reglur um myndatökur í Frímúrarahúsinu og notkun á ljósmyndum sem teknar eru í starfinu. Þetta hefur verið gert á hinum Norðurlöndunum og einnig er nauðsynlegt að það verði gert hér.

Jón Bjarni Bjarnason, safnvörður

„Ég sé Ljósmyndasafnið sem lifandi vettvang fyrir starfið og ekki síst fyrir starfið utan Reglunnar, varðveisla minninga sem alltaf er hægt að leita til þegar sagan er skoðuð. En fyrst og fremst lifandi vettvang fyrir bræðurna og stúkurnar til

að sækja í fortíðina eða nútíðina sem við höldum utan um á myndrænan og aðgengilegan hátt,“ segir Jón Bjarni.

Starfið síðustu ár

Safnið fékk fasta aðstöðu fyrir 5 árum og hefur nú yfir að ráða góðum tækjum, m.a. tölvubúnaði, prentara og ljósmyndavél ásamt fylgibúnaði. Tæknin er breytt frá því sem áður var og öll starfsemin byggir nú á stafrænum lausnum. Mikið af myndum hefur bæst við safnið síðustu árin þannig í dag eru um 20 þúsund myndir í safninu. Þessar myndir eru skráðar eftir atburðum en unnið er að nánari skráningu og við það starf er mikilvægt að fá liðsinni eldri bræðra við skráninguna, en ljósmyndir með takmörkuðum upplýsingum eru litlar heimildir fyrir framtíðina.

Safnið er ungt og það vita ekki allir bræður um starfssemi þess. Til að safnið geti þjónað hlutverki sínu er mikilvægt að því berist afrit af öllum myndum sem teknar eru í tengslum við Frímúrarastarfið um allt land. Mikilvægasta verkefni safnsins er að varðveita sögu Reglunnar í ljósmyndum. Það er gert með því að skipuleggja myndatökur á helstu atburðum í starfinu (afmælum, stórhátíðum, systrakvöldum, innsetningum o.s.frv.) Safnið sýnir einnig ljós-

myndir í Regluheimilinu og tekur myndir af munum á Minjasafni.

Guðmundur Viðarsson, safnvörður

„Mikilvægur þáttur í starfi safnsins er varðveisla heimilda, söfnun og skráning þeirra. Það gera sér kannski ekki allir grein fyrir gildi þessa fyrir starfið á landsvísu. Samræmingarhlutverk safnsins er einnig mjög mikilvægt; að til sé einn staður sem allar ljósmyndir úr starfsemi Frímúrarareglunnar á Íslandi eru varðveittar og aðgengi að þeim sé gott,“ segir Guðmundur Viðarsson.

Ýmis verkefni í gangi

Unnið er að því að gera safnið sýnilegra fyrir bræður, til ánægju og fróðleiks. Í því sambandi er byrjað að vinna ljósmyndabækur sem verða til sýnis á Bókasafni Reglunnar, í Bræðrastofu og á Minjasafni.

Ljósmyndasafnið hefur umsjón með því að myndir séu teknar af embættismönnum og annast uppsetningu á þeim. Mikilvægt er að safna á einn stað myndum frá öllum stúkum og verður í vetur byrjað að safna myndum frá stúkum á landsbyggðinni sem ekki eru ennþá komnar í safnið. Myndir þurfa að berast safninu í töluvtæku formi og grunnskráðar í möppum eftir atburðum, einnig er mikilvægt að fá upplýsingar um þá sem eru á myndunum.

Rúnar Hreinsson, forstöðumaður ljósmyndasafns

„Ljósmyndasafnið á að vera aðgengilegt fyrir allar stofnanir Reglunnar og að sjálfsögðu einstaka bræður. Nútíðin verður fljótt að fortíð, þess vegna er það mikilvægt að mynda nútíðina fyrir framtíðina. Sagt er að ljósmynd segi meira en þúsund orð,“ segir Rúnar Hreinsson að lokum.

Jón Þór Hannesson

Þeir bræður sem hafa áhuga á að koma að skráningu mynda eða koma myndum á safnið hafi samband við Rúnar Hreinsson í síma 822 2516. Netfangið: frimurmyndir@centrum.is

Árni Blöndal:

Bæn

Ég bið þig, ó, Drottinn, að gefa mér gætur og ganga við hlið mér á sérhverri stund og vaka svo hjá mér um niðdimmar nætur svo njóti ég hvíldar, er festi ég blund.

Þú hefur mig leitt gegnum ævina alla og ennþá ég fagnandi treysti á þig að leiða mig áfram til himinsins halla er héðan í burtu þú kallar á mig.

Ég þakka þér Drottinn þau ár, sem ég átti, og yndisleg voru á þessari jörð.

Ég reyndi að hjálpa sem mest er ég mátti þeim mönnum, sem baráttan reyndist of hörð.

Sauðárkróki 10. ágúst 2009



Árni Blöndal, fyrrum bóksali og flugvallarstjóri á Sauðárkróki, er aldursforseti frímúrarara í St. Jóhannesarstúkunnni Mælifelli. Hann á 51 ár að baki í stúkustarfi, var meðal stofnenda Bræðrafélagsins og síðar stjórnandi bróðir Fræðslustúkunnar. Bróðir Árni hefur lengi fengist við ljóðagerð í tómstundum, en ekki haldið henni á loft. Ritstjórn Frímúrarans frétti nýlega af óvenjufallegri bæn, sem hann orti á liðnu sumri og fékk leyfi hans til birtingar á henni. Ekki fer hjá því að við skynjum þar hreina og einlæga frímúrararahugsun.



Velkomin í Lauga-ás

Við leggjum sérstaka áherslu á að hafa á boðstólum ferskasta hráefni sem völer á hverju sinni. Við erum þekkt fyrir fiskrétti okkar, fjölbreytni í matargerð og að bjóða rétti sem almennt eru ekki á markaðnum.

Gæðabón

Ármúla 17a- S:568-4310

Kringlan-S:534-2455

Fjörður undir Firði
Hafnarfirði- S:555-3766

Þvottur-bón-alþrif-djúphreinsun-leðurhr.-
mössun að ógleymdum brimgljáanum.

Bræður og systur
eru sérstaklega
velkomin

Sigvaldi P. Gunnarsson



Langflottastur í lit...

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

nashuatec

Gæðatæki á verði
sem kemur á óvart



Einfaldaðu reksturinn og lækkaðu
rekstrarkostnaðinn með nýrri vél
frá Nashuatec.

Prentaðu/ljósritaðu í lit eða
í svart/hvítu, skannaðu og faxaðu
með sömu vélinni.

Hafðu samband við sölumenn okkar
og sjáðu hvað við getum gert fyrir
þitt fyrirtæki.

Fremstir í prentækjum frá 1953

OPTIMA

Vinlandsleið 6-8 588 9000

www.optima.is



Sem sjá má var þétt setinn bekkurinn í veislustúkunni. Myndir: Páll A. Pálsson.

St. Andrésarstúkan Huld á Akureyri 60 ára

St. Andrésarstúkan Huld á Akureyri fagnaði 60 ára afmæli sínu þann 30. september sl. Hátiðarfundinn sóttu tæplega 150 bræður, margir þeirra langt að komnir, og er fundurinn sá fjölmennasti í sögu stúkunnar.

Stm. Huldar, Úlfar Hauksson, setti hátiðarfundinn og bauð bræður velkomna. Hæst uppl. R&K HSM, Allan V. Magnússon, flutti ávarp; fyrrv. Stm. Huldar, Magnús Björnsson, rakti sögu stúkunnar og hæstlýsandi br. Kristján Már Magnússon, ræðumeistari stúkunnar, flutti fræðsluerindi. Inn á milli söng Frímúrarakórinn á Akureyri nokkur lög og ennfremur söng hæstlýsandi br. Stefán Arngrímsson einsöng með kórnum. Undirleikari var br. Kaldo Kiis. Við þetta tækifæri var frumflutt nýtt lag eftir háttuppl. br. m.h.r. Birgi Helgason, söngstjóra kórsins,



Ólafur Ásgeirsson og Kristján Már Magnússon.

við texta eftir Steindór Steindórsson frá Hlöðum.

Þakklátir og fullir virðingar

Í afmælisávarpi sínu sagði Stm. Huldur, Úlfar Hauksson, m.a.: „Við erum hér saman komnir til að minnast 60 ára afmælis St. Andrésar stúkunnar Huldur. Við hlýddum hér áðan á yfirlit um sögu stúkunnar og heyrðum hvernig áhugi og eldmóður bræðranna og velvilji yfirstjórnar reglunnar varð til þess að fullgild Andrésarstúka varð að veruleika hér á undraskömmum tíma.

Við sem njótum í dag arfleifðar þeirra sem byggðu upp stúkuna og mótuðu starfið erum í senn þakklátir og fullir virðingar gagnvart 60 ára frábæru verki sem okkur er nú trúað fyrir. Okkur ber að gæta arfleifðarinnar og skila henni áfram til þeirra sem á eftir koma, a.m.k. í jafn fullkomnu ásigkomulagi og þegar við tókum við henni. Það er bæði mikið verk og vandasamt.“

Veislustúka í matsal

Að loknum fundarslitum var drukkinn bróðurbikar í risi og síðan var veislustúka sett í matsal. Þar flutti lýs. br. Bragi V. Bergmann Minni Reglunnar og hæstlýs. br. Angantýr Arnar Árnason Minni Íslands. Bræður sungu Minni Reglunnar, Minni Íslands og Systraljóð og



Sigurður Jóhannesson og Björn Baldursson.

fjölmarginir bræður fluttu stúkunnar árnaðar- og heillaóskir.

Þess skal getið að Huld fékk að gjöf nýjar klukkur frá St. Andrésar stúkunum Helgafelli, Huld, Hlín og Heklu. Þá fengu allir bræður sem fundinn sátu litla silfurbjöllu að gjöf sem Vm. Einar Thorlacius smíðaði.

Það var komið fram yfir miðnætti þegar hátíðar- og veislustúkunnar var slitið. Síðan var þjóðsöngurinn sunginn. Óhætt er að fullyrða að þessi hátíð verður þeim mikla fjölda bræðra sem hana sóttu ógleymanleg.

Bragi V. Bergmann.

Rúnarkórinn söng undir stjórn Birgis Helgasonar (snýr baki í myndavélina). Við orgelið er Kaldo Kís.





Framkvæmdir við Frímúrarahúsið við Gilsbakkaveg hófust í júlí 1945 en húsið var vígt 6. september 1947. Árið 1979 var ákveðið að byggja við húsið og árið 1982, á fimmtíu ára afmæli Rúnar, var hver salurinn á fætur öðrum tekinn í notkun. Ljósmynd: Páll A. Pálsson

Ágrip af sögu St. Andrésarstúkunnar Huldar

Eins og fram kemur hér að framan fagnaði St. Andrésarstúkan Huld á Akureyri 60 ára afmæli sínu þann 30. september sl. Á hátíðarfundinum rakti Magnús Björnsson, fyrrverandi stólmeistari Huldar, sögu stúkunnar. Í erindi hans kom m.a. fram að upphaf frímúrarastarfs á Akureyri megi rekja til árunna 1928-1929. Þá voru 5 frímúrarabræður búsettir á Akureyri og nágrenni, allir félagar í St. Jóh.st Eddu en árið 1931 voru þeir orðnir 12. Þeir settu sér það takmark að fá frímúrarastúku norður en fyrsta skrefið var að fá að stofna St. Jóh. fræðslustúku. Málið fékk góðar undirtektir í embættismannaráði St. Jóh.st. Eddu sem og í stjórn dönsku Stórstúkunnar í VIII. Regluumdæminu en á þessum tíma var frímúrarastarf hér á landi undir danski stjórn. Samþykkt var að stofna mætti St. Jóh. fræðslustúku á Akureyri undir umsjá St. Jóh.st. Eddu. Fræðslustúkan Rún var síðan stofn-

uð 25. júní 1931 í húsakynnum sem höfðu verið leigð á efstu hæð nýs verslunarhúss KEA við Hafnarstræti.

St. Jóh.stúkan Rún stofnuð

Eftir stofnun fræðslustúkunnar fjölgaði bræðrunum hratt og við það sköpuðust möguleikar á stofnun fullkominnar St. Jóh.stúku. Sá draumur rættist 5. ágúst 1932 þegar St. Jóh.st. Rún var stofnuð. Stofnendur voru 21 að tölu. Fyrsti Stm. Rúnar var Vilhjálmur Þór, sem einnig hafði verið formaður fræðslustúkunnar og forystumaður og leiðtogi um stofnun frímúrarastarfsins á Akureyri. Eftir að Vilhjálmur Þór flutti til Reykjavíkur var hann meðal allra fremstu brautryðjenda frímúrarastarfs hér á landi og einna fremstur í flokki þeirra sem stóðu að stofnun Stórstúku Frímúrarareglunnar hér á landi árið 1951 og þar með varð Ísland sjálfstætt Regluumdæmi.

Eftir stofnun Rúnar fjölgaði ört í bræðrahópnum og þar kom að því að húsnæðið í kaupfélagshúsinu var orðið of lítið og þröngt um stúkustarfið. Þá vildi svo til að hús Akureyrarbíós að Hafnarstræti 73 var boðið til sölu. Það var keypt og vígt á afmælisdegi Rúnar þann 5. ágúst 1936. Í þessu húsi fór síðan fram allt frímúrarastarf til ársins 1947.

St. Andrésarfræðslustúka vígð

Snemma árs 1942 fóru Rúnarbræður að ræða nauðsyn þess að stofna St. Andrésarfræðslustúku á Akureyri. Málið var rætt við embættismannaráð St. Andr.st. Helgafells og síðan var formleg beiðni þess efnis send. Beiðnin var samþykkt einróma í embættismannaráði Helgafells og eindregið mælt með því við yfirstjórn Reglunnar að umbeðið leyfi yrði veitt.

Þann 28. júlí 1942 gaf yfirstjórnin út stofnskrá fyrir St. Andr. fræðslu-

stúku á Akureyri. Nafn hennar skyldi vera Huld. Fræðslustúkan skyldi lúta umsjón og eftirliti St. Andr.st. Helgafells í Reykjavík. Daginn fyrir 10 ára afmæli Rúnar mætti yfirstjón frímúrarastarfsins í Reykjavík, Vm. Helgafells og Stm. Eddu ásamt fleiri bræðrum norður. Bræðurnir færðu Akureyrarbræðrum í afmælisgjöf rétt til að stofna St. Andr. fræðslustúku. Þann sama dag, 4. ágúst 1942, var stúkan vígð.

Stm. Helgafells, Ólafur Lárusson, hafði sýnt málinu mikinn áhuga og stutt Akureyrarbræður dyggilega í öllum undirbúningi. Ólafur ætlaði að koma norður og vígja hina nýju stúku en sakir lasleika gat ekki orðið af því. Það var því Vm. Helgafells, Sigurgeir Sigurðsson, sem framkvæmdi vígsluna. Stofnendur stúkunnar voru 15 að tölu. Þau 7 ár sem fræðslustúkan starfaði voru haldnir 38 fundir og 30 fræðsluerindi voru flutt. Þar átti stærstan hlut að máli Friðrik J. Rafnar, enda góður fræðari.

Fyrstu embættismenn stúkunnar voru: Form. Tómas Björnsson; V.form. Sigurður E. Hlíðar; E.vbr. Jakob Frímánnsson; Y.vbr. Sigurður Stefánsson; Rm. Friðrik J. Rafnar; Sv. Jónas Kristjánsson; R. Guðjón Bernharðsson og Skm. Balduin Ryel.

Sveinn Björnsson vígði hina fullgildu stúku

Andrésarbræðrum fjölgaði nú ört þótt enn þyrfti að sækja stigin til Reykjavíkur. Fjölgun í bræðrahópnunum varð það mikil að augljóst var að slík þróun mundi brátt kalla á aukið húsrými. Svo kom að því að hafinn var undirbúningur að nýju húsnæði. Byggingarlóð fékkst við Gilsbakkavegin. Það var mikið áræði að ráðast í svo stórt verk en það tókst með miklum dugnaði og sjálfboðavinnu bræðranna. Framkvæmdir hófust í júlí 1945 en húsið var vígt 6. september 1947. Segja má að með hinu nýja húsi hafi verið lagður hornsteinn að öflugu starfi frímúrarara á Akureyri og Norðurlandi.

Í hinu nýja félagsheimili var gert ráð fyrir aðstöðu fyrir fullkomna St. Andrésarstúku enda fræðslustúkan aðeins áfangi og ljóst að fullkomin stúka yrði öllu starfinu mikill styrkur. Viðræður höfðu farið fram við

ráðamenn Reglunnar í Reykjavík og markvisst unnið að undirbúningi þess. Þegar öllum undirbúningi var lokið var endanleg umsókn send yfirstjórninni, þann 25. ágúst 1948, undirrituð af 29 bræðrum. Málið gekk sína boðleið samkvæmt Grundvallarlögum Reglunnar til Yfirstjórnar VIII. umdæmis Frímúrarareglunnar í Kaupmannahöfn.

Þann 30. september 1949 kom Stjórnandi Meistari Frímúrarastarfsins á Íslandi, Sveinn Björnsson forseti, norður ásamt fylgdarliði til að stofna og vígja fullgilda Lýsandi St. Andrésarstúkuna Huld. Vígsluvottar voru Vilhjálmur Þór og Ólafur Lárusson en stofnendur voru 30 bræður. Stofnskráin var gefin út 6. janúar 1949 og skipunarbréf 19. janúar sama ár.

Fyrsta stjórn stúkunnar var þannig skipuð: Stm. Friðrik J. Rafnar; Vm. Jónas Kristjánsson; E.stv. Sigurður O. Björnsson; Y.stv. Snorri Guðmundsson; Rm. Sigurður Stefánsson; Sm. Þórður V. Sveinsson; R. Ingimundur Árnason; Fh. Balduin Ryel; L. Tómas Björnsson; E.stú. Guðmundur Pétursson; Y.stú. Ólafur Daníelsson.

Húsnæðið stækkað til muna

St. Andrésarstúkan varð starfinu á Akureyri mikil lyftistöng. En bræðurnir létu ekki staðar numið hér því brátt var hafist handa um athugun á stofnun Stúartstúku. Góðar undirtektir Yfirstjórnar Reglunnar leiddu til þess að Kapítula fræðslustúkan Skuld var stofnuð 5. janúar 1961 og síðar breytt í Stúartstúku 2. fl. 1968 og 1983 í Stúartstúku 1. fl., sem þýddi að hægt var að veita I° til VIII° á Akureyri.

Nú voru stúkurnar orðnar þrjár en aðeins einn fundarsalur í húsinu; þrengslin voru farin að setja hömlur á starfið. Niðurstaðan varð sú að árið 1979 var ákveðið að byggja við húsið. Hafist var handa sumarið 1980 og var gert ráð fyrir því að hver stúka fengi sali við hæfi. Árið 1982 var mikið hátiðarár en þá var 50 ára afmæli Rúnar og var nú hver salurinn af öðrum tekinn í notkun.

Þann 27. október 1982 fékk Huld tvo sali og var það geysilegur munur fyrir alla starfsemi stúkunnar. Þessir

sali voru vígðir af þáverandi IVR, Karli Guðmundssyni.

Auk bræðranna á Akureyri sækja frama sinn til Huldar bræður í fræðslustúkunum Draupni, Dröfn og Vöku og St. Jóh.st. Mælifelli og Njálu. Þann 22. maí 2004 var stofnuð Andrésar fræðslustúkan Harpa á Ísafirði og starfar hún undir umsjón Huldar.

Stólmeistarar Huldar frá upphafi hafa verið þessir:

Friðrik J. Rafnar
30/9 1949 – 3/5 1954
Sigurður Stefánsson
3/5 1954 – 19/6 1965
Jóhann Þ. Kröyer
19/6 1965 – 1/10 1968
Jón G. Sólnes
1/10 1968 – 18/3 1973
Arngrímur J. Bjarnason
18/3 1973 – 21/4 1982
Gestur Ólafsson
21/4 1982 – 1/10 1984
Ágúst Ólafsson
1/10 1984 – 21/3 1988
Magnús Björnsson
21/3 1988 – 24/11 1997
Birgir V. Ágústsson
24/11 1997 – 5/3 2007
Úlfar Hauksson frá 5/3 2007

Áræðni og dugur

Eins og sést á því sem hér hefur verið sagt, má heita með ólíkindum hve hratt hlutirnir hafa gengið fyrir sig. Bræðrahópurinn sem hóf starfið var ekki stór en bræðurnir voru dugmiklir og áræðnir. Yfirstjórn Reglunnar hefur ætíð sýnt Akureyrarbræðrum fullt traust og tekið hverri málaleitan þeirra vel og stutt þá á allan hátt og fyrir það ber vissulega að þakka.

Allt þetta hefði ekki getað gerst ef ekki hefði komið til óhemjumikil sjálfboðavinna bræðranna, allra sem eins. Við eigum því það að þakka að í dag eigum við frímúrarara á Akureyri virðulegt og fallett félagsheimili þar sem allar stúkurnar hafa sína sali, vel og fagurlega búna. Og stúkustarfið er öflugt sem aldrei fyrr.

Bragi V. Bergmann.

Greinin er unnin upp úr ítarlegu söguágripri Magnúsar Björnssonar.

Leyndarmál rússneska hermansins



*eftir Erling
Grønvold Olsen,
minjavörð
Norsku Frímúr-
arareglunnar*

Meðal hinna fjölmörgu sem féllu í bardögum á austurvígstöðvunum nálægt Rostov árið 1944 var óþekktur rússneskur hermaður sem hafði í förum sínum óvenjulegt leyndarmál. Það var lítið, líklega heimatilbúið, merki sem var svo sérstaklega útlítandi að sá sem leitaði á líkinu tók það til hliðar. Mörgum árum síðar og eftir óþekktum leiðum hafnaði þetta sérstæða merki á minjasafni norsku Reglunnar en það var frímúrarabróðir sem ánafnaði safninu því með þeim upplýsingum að hér væri á ferðinni stúkumerki. Viðkomandi frímúrararbróðir var mikill áhugamaður um rússneska frímúrarasögu og fannst það passa á Minjasafnið sem hefur yfir að ráða nokkrum rússneskum gripum tengdum Reglustarfi.

Á framhlið merkisins er gullinn kross með rós í miðju. Á örmum krossins má sjá tákni eða bókstafi hvurs þýðing er enn ókunn. Bakgrunnurinn er svo tvö sverð sem mynda kross. Á bakhlið merkisins má aftur sjá kross, mun minni en á framhliðinni og er hann í miðju sexhyrndrar stjörnu. Umhverfis stjörnuna má lesa latnesku setninguna: DULCIA POST AMARA, sem þýða má með orðtakinu „Eftir skúr kemur skín.“ Þetta latneska orðtak er fornt og má meðal annars finna í skjaldarmerkjabók Whitney's frá 1586, þó þar sé það reyndar skrifað POST AMARA DULCIA.



Fram- og bakhlið rússneska merkisins.

Eins og áður sagði endaði merkið í Minjasafni Reglunnar í Osló þar sem gefandinn hafði veitt athygli veglegu safni rússneskra frímúraragripa sem eru enn til sýnis í Minjasafninu í Osló. Þeir gripir fundust í leynihólf í skattholi sem rússneskur innflytjandi flutti með sér frá Rússlandi í lok fyrri heimsstyrjaldar. Forngripasali sem síðar hafði það í umboðssölu áttaði sig fljótlega á að líklega væri leynihólf í skattholinu sem seljandinn vissi ekki um. Hann leitaði og fann hólfíð og þar fundust rússnesku frímúrarargripirnir. Forngripasalinn, sem var frímúrararbróðir, fékk leyfi til að gefa gripina á Minjasafnið í Osló.

En aftur að merkinu sem fannst á rússneska hermanninum. Hvers vegna er það svo merkilegt? Til að skilja það er nauðsynlegt að skoða stuttlega sviptivindasama sögu frímúrarara í Rússlandi.

Sagan segir að Pétur Mikli hafi verið tekinn í Frímúrararegluna á Englandi af sjálfum Christopher Wren. Það skal tekið fram að engar öruggar heimildir eru fyrir þessu og vel getur verið að um þjóðsögu sé að

ræða. Fyrsta skriflega heimildin um frímúrarastarf í Rússlandi er skipunarbréf til John Phillips kafeins frá ensku stórstúkunni árið 1731 þar sem honum er heimilað að stjórna stúkustarfi í Rússlandi. Fjöldi stúkna var líka starfandi á árunum eftir þetta, aðallega í St. Pétursborg.

Eins og við þekkjum gætti víða mikillar tortryggni í garð félaga sem áttu sér leyndarmál og störfuðu, ef svo má segja, undir yfirborðinu. Þetta átti ekki síst við í einræðislöndum. Í Rússlandi var stúkustarf ævinlega háð velvilja eða andúð keisarans hverju sinni. Það var sagt að frímúrarar þar hefðu ýmist verið hlekkjaðir við vegg í dimmum dýflissum eða í háseti við hægri hönd keisarans. Þannig var það við upphaf stjórnartíðar Katrínar 2. að fjölmargir frímúrarar sátu í stjórn eða stjórnunarstöðum í Rússlandi. Hugmyndir frímúrarara féllu vel við hugmyndir hennar um upplýsinguna svonefndu. En við lok veldistíma hennar hafði taflíð snúist við og allir frímúrarar höfðu misst embætti sín og voru í ónáð.

Bann við frímúrarastarfi fylgdi svo

í kjölfar valdaskipta þegar Páll 1. varð Rússakeisari. Banninu var svo aflétt þegar Páll lést og Alexander 1. varð keisari og hann lét sjálfur taka sig inn í Regluna. Og starfið blómstraði allt þar til 12. ágúst 1822. Þá bannaði keisarinn skyndilega Regluna og öll þau félög sem á einhvern hátt höfðu leyndardóma eða voru flokkuð sem leynifélög.

Þrátt fyrir ströng viðurlög og hinar hörðustu refsingar hélt frímúrarastarf áfram í Rússlandi í leyndum. Og frímúrurum var refsað grimmliga. Þannig er þekkt dæmi um mann sem dæmdur var og afplánaði 20 ára fangelsisdóm fyrir að hafa tekið þátt í stúkustarfi. Tolstoj skrifar einnig um upptöku í frímúrarastúku í bók sinni „Stríð og friður“ á þeim tíma sem slíkt var bannað.

Við upphaf síðustu aldar voru stúkur stofnaðar bæði í Moskvu og St. Pétursborg en við valdatöku kommúnista eftir fyrri heimsstyrjöld hverfur saga frímúrarastarfs í myrkviði hins óþekkta. Frímúrarar voru ofsóttir og allt starf bælt niður með harðri hendi.

Frímúrískur þankagangur og gildi Reglunnar lifðu þó áfram í Rússlandi í skjóli leyndar og þagnar. Það sannar frímúraramerkið sem fannst á rússneska hermanninum árið 1944.

(Greinin er skrifuð sérstaklega fyrir Frímúrarann).

Samverustund í Neskirkju

Fræðslunefnd Frímúrarareglunnar á Íslandi og ÆKR héldu samverustund með dagskrá í tali og tónum fyrir frímúrarabræðrur og systur sunnudaginn 15. nóvember kl. 20 í Neskirkju.

Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar HÍ flutti erindi sem hún nefndi „Samfélagsleg ábyrgð á tímum upplausnar og endurmats,“ Matthías Johannessen skáld og fv. ritstjóri flutti ljóð, Eiríkur Hreinn Helgason, Hjörleifur Valsson, Jónas Þórir Þórisson og Örnólfur Kristjánsson fluttu tónlist.

Séra Örn Bárður Jónsson, ÆKR, stýrði samverunni og leiddi almennan söng og bænagjörð.

Það varð mér köllun að meistaraverkin yrðu varðveitt

- segir Smári Ólason sem stendur fyrir útgáfu geisladisks í tilefni níutíu ára afmælis St. Jóh. Eddu

„Þetta verkefni er eitt það áhuga-verðasta og ánægjulegasta sem ég hef nokkru sinni fengist við. Ég mætti hvarvetna velvild og allir sem ég leitaði til voru fúsir að greiða götu mína og leggja sitt af mörkum til þess að markmiðið næðist – að gefa út vandaðan geisladisk með frímúraralögum eftir innlend tónskáld. Ég tel að það sé vel við hæfi að minnst 90 ára afmælis Eddu með slíku og heiðra jafnframt minningu bæði laga- og ljóðahöfunda.“


Þetta sagði Smári Ólason, söngstjóri St.Jóh. Eddu, í viðtali við Frímúrarann en Edda minnst um þessar mundir þeirra merku tíma-móta að níutíu ár eru liðin frá því að stúkan var stofnuð. Geisladiskurinn sem Smári talar um er stærsti þátturinn í hátíðarhöldunum vegna afmælisins og hefur Smári lagt mikla vinnu og alúð í vinnslu hans.

Smári hefur um langt skeið starfað að tónlistarmálum í St.:Jóh.: Eddu. Hann var vara-söngstjóri. í sautján ár en tók síðan við starfi söngstjóra og hefur gegnt því undanfarin ár. En hvernig skyldi hugmyndin um útgáfu geisladisksins hafa komið til?

„Þegar ég gerðist varasöngstjóri hjá Eddu var mér fengin í hendur bók með handskrifuðum nótum. Bókin var með blárrí kápu og gekk jafnan undir heitinu *Bláa bókin*. Í henni voru lög sem notuð eru á fundunum og við hið hefðbundna frímúrarastarf. Af forvitni fór ég að kanna önnur lög sem voru í bókinni og þegar tækifæri gafst tók ég eitt og eitt þessara „gleyndu“ laga og spilaði þau. Þetta fékk svo góðar viðtökur hjá bræðrunum að ég fór að rannsaka bókina betur, bæði lög og texta, og heillaðist af því sem þar var að finna og taldi nauðsynlegt að koma þessu á framfæri að nýju. Það má því segja að eitt hafi leitt af öðru.“

Smári segir að þegar farið var að ræða hvað gera skyldi í tilefni 90 ára afmælis Eddu hafi hann blandað sér í umræðuna og stungið upp á því að hljóðritaður yrði geisladiskur og hann gefinn út. „Þetta fékk góðar undirtektir og var ákveðið að diskurinn yrði afmælisgjöf stúkunnar til þeirra bræðra er sæktu hátíðarfundinn.“

Þegar ákvörðunin hafði verið tekin hófst Smári handa en sjálfsagt hefur



Smári Ólason.

„Petta er grípandi og góð tónlist samin af innileik og virðingu fyrir Frímúrarareglunni og það þarf ekki annað en að hlusta á lögin og heyra textana til þess að maður finni hve Reglan hefur skipað stóran sess í hugum þessara listamanna.“

hann þá ekki órað fyrir hversu mikil vinna væri framundan. Hann skoðaði sérstaklega þau lög eftir íslenska höfundu sem samin höfðu verið fyrir starfið í Eddu og ákvað að þau yrðu á disknum þótt vitanlega séu í bókinni mörg lög eftir erlenda meistara fyrri tíma.

„Það var Sigurður Ísólffson sem handskrifaði *Bláu bókina* upphaflega árið 1947. Lögin í bókinni voru alls 39 eftir níu erlend og fjögur íslensk tónskáld. Flest laganna tilheyra almennum starfi frímúrarara en nokkur þeirra voru tileinkuð Eddu. Langflest íslensku lögin voru eftir tvö tónskáld, Þórarinn Guðmundsson og Ísólff Pálsson. Þegar ég fór að skoða lögin sem höfðu fallið í gleyskunnar dá verð ég að segja að það kom mér á óvart hve þau voru vönduð og hve mikla alúð höfundarnir höfðu lagt í þau. Þá má heldur ekki horfa fram hjá því að sama alúð og væntumþykja kemur fram í vönduðum textum við lögin sem flestir eru eftir Freysteinn Gunnarsson, þótt vissulega komi þar einnig fleiri góðir höfundar við sögu. Það má segja að smátt og smátt hafi það orðið eins konar köllun hjá mér

að koma þessum listaverkum á framfæri.“

Þegar farið var að velja hvaða lög yrðu á afmælisgeisladiskinum ákvað Smári að taka þar með tvö lög sem ekki voru í *Bláu bókinni* – voru samin eftir að hún var skrifuð. Er þar annars vegar um að ræða jólalag eftir Atla Heimi Sveinsson, sem faðir hans fékk hann til að semja fyrir Eddu þegar Atli var barn að aldri og hins vegar *Eddukantatan*, sem flutt var á 80 ára afmæli stúkunnar. „Þótt fyrst og fremst væri horft til liðsins tíma og þess sem er í *Bláu bókinni* fannst mér þessi tónverk vera þess eðlis að þau ættu að vera með á disknum,“ segir Smári.

Smári segir að í mörg horn hafi verið að líta við vinnslu disksins. „Það voru einkum tveir menn sem voru bakhjarlar mínir, þeir Friðbjörn G. Jónsson og Eiríkur Hreinn Helgason. Þeir veittu mér ómetanlegan stuðning og hjálp. Þegar kom að upptökunum voru allir boðnir og búnir – bæði einstaklingar og eins Frímúrarakórinn. Langflest lögin voru tekin upp sl. sumar en á disknum eru einnig upptökur laga frá árinu 1978

en þá voru hljóðrituð lög Þórarins Guðmundssonar og stjórnandi var Jón Stefánsson. Fékk hann þá til liðs við sig nokkra þekktu söngvara sem voru í Reglunni og er flutningur þeirra sérstaklega vandaður og fallegur.“

Smári segir ennfremur að þáttur upptökustjórans, Sigurðar Rúnars Jónssonar, hafi verið mikill. „Öll hljóðvinnsla disksins var í hans höndum og hann lagði sig mjög fram við að allt væri sem best úr garði gert og lagði mikla vinnu í verkið.“

Um tónlistina á afmælisdisknum segir Smári. „Vissulega er hún barn síns tíma. En það má segja um hana eins og flest önnur listaverk, – þegar vel er til vandað standast þau tímans tónn. Petta er grípandi og góð tónlist samin af innileik og virðingu fyrir Frímúrarareglunni og það þarf ekki annað en að hlusta á lögin og heyra textana til þess að maður finni hve Reglan hefur skipað stóran sess í hugum þessara listamanna.“

Steinar J. Lúðvíksson

In memoriam

Bræður horfnir til Austursins Eilífa

Helgi Þorsteinsson – Rún – X
13.09.1936 □ 10.2.1971 † 25.11.2008

Jón Norðquist – Gimli – IX
20.04.1950 □ 19.1.1981 † 27.11.2008

Benedikt Á. Guðbjartsson – Edda – IX
01.01.1924 □ 1.2.1955 † 29.11.2008

Sigurður Sigurðsson – Rún – X
26.10.1931 □ 16.1.1957 † 11.12.2008

Svanur Geirdal – Akur – X
16.09.1935 □ 24.10.1970 † 12.12.2008

Hilmar Biering – Edda – X
23.12.1927 □ 9.10.1962 † 22.12.2008

Birgir Axelsson – Mímir – X
20.07.1940 □ 8.4.1974 † 12.01.2009

Haldór Pétursson – Edda – VIII
22.08.1940 □ 2.10.1979 † 15.01.2009

Aðalsteinn Péturss. Maack – Edda – X
17.11.1919 □ 20.3.1973 † 24.01.2009

Georg Jónsson – Edda – X
04.07.1917 □ 4.12.1951 † 01.02.2009

Gunnlaugur Karlsson – Sindri – X
17.02.1923 □ 26.10.1970 † 05.02.2009

Garðar Steindórsson – Hamar – X
19.11.1938 □ 28.3.1972 † 17.02.2009

Ragnar Jón Gunnarsson – Glitnir – IX
20.01.1957 □ 30.1.1985 † 04.03.2009

Helgi Hersveinsson – Edda – VIII
18.07.1927 □ 2.4.1975 † 07.03.2009

Gísli G. Ísleifsson – Mímir – III
18.05.1926 □ 27.11.1989 † 13.03.2009

Einar Árnason – Njála – VIII
13.06.1945 □ 10.3.1975 † 24.03.2009

Eggert Ísaksson – Hamar – R&K
04.07.1921 □ 4.3.1959 † 30.03.2009

Guðmundur Matthíasson – Edda – X
27.10.1926 □ 12.4.1965 † 02.04.2009

Ketill Leósson – Röðull – II
23.10.1947 □ 6.4.2005 † 05.04.2009

Eggert Þór Steinþórsson – Fjöltnir – VIII
04.01.1945 □ 12.4.1994 † 08.04.2009

Eiríkur Elí Stefánsson – Fjöltnir – IX
19.06.1921 □ 6.2.1978 † 11.04.2009

Ingibergur Viggó Jensen – Mímir – IX
17.02.1932 □ 2.12.1981 † 12.04.2009

Jón Magnús Guðmundsson – Glitnir – X
19.09.1920 □ 30.1.1973 † 22.04.2009

Pétur Sörlason – Edda – X
23.08.1927 □ 20.4.1976 † 28.05.2009

Gísli Bjarnason – Rún – VI
03.07.1930 □ 5.4.1972 † 30.05.2009

Sigurður J. Ringsted – Rún – X
29.10.1921 □ 6.1.1958 † 06.06.2009

Guðm. Haldór Atlason – Fjöltnir – VII
02.01.1958 □ 22.10.1991 † 18.06.2009

Guðbrandur Þorsteinsson – Sindri – IX
18.05.1928 □ 9.4.1976 † 19.06.2009

Hreiðar G. Viborg – Mímir – X
03.02.1923 □ 17.1.1955 † 30.06.2009

Runólfur Sæmundsson – Gimli – VII
30.10.1916 □ 21.2.1966 † 01.07.2009

Kristján Hansen – Rún – IX
26.06.1921 □ 4.4.1973 † 06.07.2009

Guðjón Björgvin Jónsson – Gimli – X
30.03.1925 □ 20.3.1958 † 16.07.2009

Karl Gíslason – Gimli – IX
20.06.1950 □ 20.1.1992 † 20.07.2009

Jón Baldursson – Mímir – IX
24.02.1955 □ 11.3.1991 † 22.07.2009

Hörður Barðdal – Gimli – X
22.05.1946 □ 4.3.1985 † 04.08.2009

Gunnar K. Gunnlaugsson – Mímir – I
22.01.1951 □ 17.11.2008 † 06.08.2009

Þorsteinn R. Helgason – Mímir – X
05.04.1925 □ 12.4.1954 † 08.08.2009

Guðm. V. B. Marínósson – Glitnir – X
16.07.1940 □ 19.1.1971 † 10.08.2009

Heimir Stígsson – Sindri – VIII
17.10.1933 □ 12.4.1978 † 11.08.2009

Baldur Ólafsson – Akur – X
13.02.1933 □ 11.1.1966 † 12.08.2009

Jóel Ó. Þórðarson – Edda – IX
05.06.1924 □ 7.10.1980 † 16.08.2009

Jón Kristinsson – Rún – X
02.07.1916 □ 28.1.1953 † 16.08.2009

Sigurður Kristján Oddsson – Mímir – X
22.01.1940 □ 8.3.1975 † 22.08.2009

Jakob Jóhann Havsteen – Röðull – IX
26.04.1941 □ 22.1.1980 † 03.09.2009

Gunnlaugur S. Sigurðsson – Njörður – II
17.07.1953 □ 2.4.2008 † 23.09.2009

Árni Gréтар Finnsson – Hamar – X
03.08.1934 □ 23.11.1971 † 11.10.2009

Kristján Hafliðason – Edda – III
29.04.1919 □ 27.3.1962 † 16.10.2009

Rögnvaldur Þorsteinsson – Akur – X
12.03.1936 □ 11.3.1974 † 18.10.2009

Sveinn Torfi Sveinsson – Hamar – X
02.01.1925 □ 30.1.1951 † 20.10.2009

Þorsteinn Kristinsson – Mímir – X
24.04.1932 □ 21.4.1971 † 20.10.2009

St. Andr. st. Helgafell 75 ára

Miðvikudaginn 2. desember verður haldin H.&V. á IV/V° sem er 75. afmælisfundur stúkunnar og hefst hann kl. 19.00. Þar sem búist er við fjölmenni og til að tryggja rétta niðurröðun við borðhald, þá verður skráð á fundinn sem hér segir:

Laugardaginn 28. nóv. kl. 13:00 - 15:00

Mánudaginn 30. nóv. kl. 17:00 - 19:00

Þriðjudaginn 1. des. kl. 17:00 - 19:00 (lokaskráning)

Einnig í síma 861-1620 á sama tíma. (Guðm. Eiríksson)

Bræður eru beðnir að skrá sig á ofangreindum tíma og greiða um leið fyrir málsverð.

Steinn G. Ólafsson Stm.

Pétur Björn Pétursson Stm. Njarðar



Nýlega fór fram stólmeistarakjör í Hafnarfjarðar- og Garðabæjarstúkunni Nirði. Kjörinn var Pétur Björn Pétursson og hefur hann verið settur inn í embættið.

Pétur Björn Pétursson er fæddur 31. janúar 1946 á Rauðará í Reykjavík en sá staður er nú Skúlagata 55 þar sem Frímúrarahúsið stendur.

Hann lauk embættisprófi í hagfræði frá Háskóla Íslands árið 1974 og hefur síðan starfað m.a. hjá Hagvangi, Verðlagsstjóra, Fjölbrotaskólanum í Breiðholti og nú starfar Pétur Björn við Menntaskólann í Kópavogi. Hann hefur verið í samninganefnd viðskipta- og hagfræðinga í NKH og starfað í norrænni nefnd um viðskipta- og hagfræðinám auk þess sem hann hefur tekið virkan þátt í starfi Íþróttahreyfingarinnar. Var hann um tíma formaður Íþróttafélags stúdenta, formaður knattspyrnudeildar Fram og knattspyrnu-deildar Stjörunnar í Garðabæ.

Pétur Björn gekk í St.: Jóh.: Fjölni árið 1996 og var einn stofenda St.: Jóh.: Njarðar árið 1999. Hann var Vm. stúkunnar áður en hann var kjörinn stólmeistari.

Pétur Björn er kvæntur Kristínu Blöndal og eiga þau fjóra syni og eitt barnabarn.

Eggert Ísaksson - minning



*Fæddur 4. júlí 1921
Dáinn 30. mars 2009*

Hinn 30. mars sl. lést br. Eggert Ísaksson R&K 87 ára að aldri.

Br. Eggert var fæddur að Rafn-kelsstöðum í Garði 4. júlí 1921 og ólst hann þar upp til 13 ára aldurs er hann flutti til Hafnarfjarðar og átti hann þar heima æ síðan. Árið 1944 hóf hann störf hjá útgerðarfélaginu Venusi hf. í Hafnarfirði og var hann lengi eini starfsmaðurinn á skrifstofu fyrirtækisins. Eftir að starfsemi fyrirtækisins í sjávarútvegi var hætt árið 1974 réðst Eggert til Hvals hf. sem skrifstofustjóri og starfaði þar til ársins 1995 er hann lét af störfum fyrir aldurs sakir.

Eggert tók um langt skeið virkan þátt í félagsmálum og stjórnámálum. Hann var bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði á árunum 1954 til 1974 og átti þá sæti í fjölmörgum nefndum og ráðum á vegum bæjarfélagsins. Þá átti hann m.a. sæti í stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar, var í knattspyrnuráði Hafnarfjarðar, í stjórn Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar, var formaður Málfundafélagsins Magna og formaður Landsmálafélagsins Fram. Hann var einn af stofnendum

Lionsklúbbs Hafnarfjarðar og var heiðursfélagi Hestamannafélagsins Sörla.

Eggert Ísaksson gekk í Frímúrararegluna árið 1959. Hann fékk strax mikinn áhuga á starfinu í Reglunni og þeim hugsjónum sem hún stendur fyrir. Var Eggert snemma kallaður til trúnaðarstarfa í frímúrarastarfinu og gegndi hann m.a. embætti stólmeistara í St.:Jóh.: Hamri um árabil og tók síðan við embætti í æðstu stjórn Reglunnar. Hann varð R&K 18. mars árið 1989.

Öllum sínum störfum hvort heldur var hjá atvinnuveitendum sínum eða í félagsmálum gegndi Eggert af mikilli trúmennsku og samviskusemi. Átti það ekki síst við störfin í Frímúrarareglunni þar sem hann ávann sér virðingu og vináttu allra þeirra er störfuðu með honum eða undir hans stjórn. Minning hans sem góðs bróður mun lifa meðal frímúrarbræðra sem senda öllum aðstandendum hans dýpstu samúðar og hluttekningarkveðjur.

Robert Burns – 250 ára minning

Robert Burns (1759–1796) er Jónas Hallgrímsson Skota, af fátækum bændum kominn, rómantískur skáldjöfur og hrifnæmur en jafnframt rammpólitískur róttæklingur sem lét sig þjóðmálin varða. Sami maður og líkti unnustu sinni við viðkvæmt blóm:


*Já, elskan mín er eins og rós
sem opnast rjóð í maí ...
(„My love is like a red, red Rose“
þýð. Þorsteinn Gylfason)*

upptendraðist af frönsku byltingunni, andæfði trúarbragðakreddum og hreintrúarstefnu og krafðist þess að Skotland yrði sjálfstætt.

Liðin eru 250 ár frá fæðingu Burns. Af því tilefni hafa ævi hans og störf verið undir smásjá fræðimanna venju fremur. Þótt ástarljóð komi iðulega fyrst upp í hugann þegar nafn Burns ber á góma, gætir þess einnig í skáldskap hans, ekki síður en viðhorfum til lífsins almennt, að hann var frímúrarar.

Robert Burns aðhylltist gildi upp lýsingastefnunnar, frelsi, jafnrétti og bræðralag. Hann gagnrýndi óhóf, öfgar og tvískinnung hans veraldlega og kirkjulega valds. Hann sá fegurðina ekki síður í smáu en stóru. Fer ekki á milli mála að Frímúrarareglan hafði djúp áhrif á hann, svo fórnæði hann kröftum sínum í hennar þágu og var mikils metinn innan hennar. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að Reglan hlaut bæði lof og last í þann tíð fyrir að gera ekki upp á milli manna, hvort heldur það snerti stjórn mála- skoðanir þeirra eða trúarbrögð.

Undir þritugt var Burns orðinn þjóðþekkt ljóðskáld og naut félagskapar við frammámenn og menntamenn í Edinborg. Nú er ofsagt að hann hafi alltaf notið þess félagskapar. Hann gekk ekki að því gruflandi að honum, plógmanninum frá Ayrskíri, hefðu verið allar dyr lokaðar hjá hástéttunum ef ekki væri fyrir hina skáldlegu æð í líkama hans sem tryggði honum sess þjóðskáldsins með Skotum; hann var ljóðskáld af guðs náð, ljóðin voru honum jafneðlileg og andardrátturinn. Skáldmælgí hans, rómantísk taug og persónutöfrar leiddu hann einnig út í ýmis ástarævintýri sem fóru fyrir brjóstið á mörgum samtíðarmönnum hans, ekki sist



fulltrúum kirkjunnar, en það er önnur saga.

Áhrif Frímúrarareglunnar eru víða býsna augljós í ljóðum Burns – þótt þau hafi ekki endilega verið ljós íslenskum þýðendum þeirra, en flest höfuðskáld Íslendinga hafa einhvern tíma spreytt sig á Burns. Ekkert fer hins vegar á milli mála í ljóðinu „A Man’s a Man for a’ that“ um þá von að vit og drenglund sigri í sannleikans stríði:

*„... þrátt fyrir allt og þrátt fyrir allt,
mun þetta verða um heimsból allt,
að maður manni bindist blítt
með bróðurhendi þrátt fyrir allt.“
(„Því skal ei bera höfuð hátt?“
þýð. Steingrímur Thorsteinsson)*

Í ljóði Burns „Libel Summons“, sem gaman væri að vita hvort til væri í íslenskri þýðingu, segir frá bræðrum. Hefur annar gerst sekur um hræsni og lygar en hinn um að vanrækja skyldur sínar. Ljóðið er dæmisaga, reglubræðrum til áminningar, um að háleit markmið Frímúrarareglunnar eigi að vera í fullu gildi, einnig utan stúkudyranna.

Eitt ljóðanna heitir einfaldlega „A Masonic Song“:

*„Then round and round
in mystic ground
he took the middle station’
and with halting pace
he reached the place
where I was made a mason.“*

Nú má halda því fram að Burns hafi á stundum gert meiri kröfur til frímúrarabræðra sinna en hann gerði til

sjálfs sín. Hvað sem því líður – manlegum breyskleika – er ótvírætt að hann vildi halda þær dyggðir í heiðri sem sérhverjum frímúrarara er ætlað. Til að mynda var hann andvígur því að bræðrum væri lánað úr sjóðum Reglunnar. Þá ætti að nota í neyðartilvikum eða vegna hrumleika. Mikilvægara væri að koma bróður í vanda til hjálpar en að þjóna stöku hugdettu í erli og amstri dagsins. Hér talaði sjálfsagt til hans strit á ökrunum í æsku og kröpp kjör, því að hann hafði fundið til þess hvílk hindrun og auðmýkt fátækt er.

Frímúrarar greiddu götu skáldsins á ýmsa lund og höfðu mikið um það að segja að ljóð hans kæmu út á prenti – og skáldið sótti hugarfró og andlegan innblástur í Regluna, ekki til kirkjunnar eða annarra stofnana samfélagsins. Frímúrarabræður Burns studdu hann líka í andstreymi og því gleymdi hann aldrei.

*„May freedom, harmony and love
unite you in the grand design,
beneath th’ omniscient Eye above,
the glorious Architect divine ...“
(„Adieu, a heart-warm, fond
adieu“)*

Ekki eru allir á einu máli um að „Auld Lang Syne“ sé frímúrararljóð, en fer það nokkuð á milli mála – jafnvel í íslenskri þýðingu Matthíasar Jochumssonar?

*„Þótt sortnað hafi sól og lund,
ég syng und laufgum hlyn
og rétti mund um hafið hálf
og heilsa gömlum vin.“
(„Hin gömlu kynni gleymast ei“)*

Fer vel á því, einmitt vegna ótvíræðrar vísunar til bræðralagshugsjónar Burns, að þetta ljóð skuli sungið við vinsælt lag um allan heim. Það er í anda Burns og það er í anda Reglunnar.

Robert Burns var ekki heilsu- hraustur undir það síðasta og þrautir hans elnuðu við sjóðum sem honum var ráðlagt að taka. Hann lést úr gígtsótt og hjartveiki langt fyrir aldur fram, aðeins 37 ára, - eins og Jónas Hallgrímsson.

Þór Jónsson

Landsmót frímúrara 2009



Hið árlega stórmót FGF, Landsmót frímúrara var haldið með heldur óhefðbundnu sniði á árinu. Þá var brugðið á það ráð að keppa á tveimur golfvöllum; annars vegar á Víkurvelli í Stykkishólmi og hins vegar á Báravelli við Grundarfjörð. Það var gert með þeim hætti að átján holu hring var skipt á milli þessara tveggja valla, 9 holur á hvorum. Mótanefnd Frímanna, undir forystu br. Gylfa Sigurðssonar, formanns mótanefndar Frímanna og br. Kjartans Páls Einarssonar, mótsstjóra heimamanna, hafði veg og vanda af þessu nýja fyrirkomulagi og útbjó skorkort til þess að ná að halda utan um skor af tveimur völlum í einu og sama mótinu.

Mæting var að vanda á föstudagskvöldi þar sem kylfingar mættu til skráningar auk þess sem fólk ræddi málin og lagði niður keppnisáætlanir sínar.

Á laugardagsmorgni var blásið til keppni og ræst var á öllum teigum beggja vallanna á sama tíma. Gekk á með léttum skúrum um morguninn en veðrið batnaði eftir því sem á daginn leið. Um hádegisbil, þegar allir höfðu lokið 9 holu leik, tóku kylfingar sig til og fluttu sig um set á milli bæjarfélaganna og hófu leik á seinni 9 holunum.

Það var samdóma álit þeirra sem þátt tóku að þetta fyrirkomulag hafi tekist með afbrigðum vel.

Verðlaun voru að vanda veitt fyrir bestan árangur í 5 keppnisflokkum auk stúkukeppninnar vinsælu. Flokkarnir eru kvenna-, niðja-, B-flokkur auk A-flokks bæði með og án forgjafar. Verðlaunahafar á Landsmóti frímúrara árið 2009 voru að þessu sinni.



Verðlaunahafar í kvennaflokki. Frá vinstri: Jóhann Gunnar Stefánsson, formaður Frímanna, Guðmunda Þorleifsdóttir 1. sæti, Erlín Linda Sigurðardóttir 2. sæti og Hulda Mjöll Hallfreðsdóttir 3. sæti.



Sigurvegur í stúkukeppninni voru sveit St. Jóh. St. Glitnis. Sveitina skipuðu Sigurður Örn Einarsson, Ellert Magnason, Jóhann Gunnar Stefánsson og Björn Erlendsson. Ljósmyndir: Bjarni Ómar Guðmundsson

Niðjaflokkur

1. Alexander Egill Guðmundsson
2. Tómas Jónsson
3. Emil Kristinn Sævarsson

Konur

1. Guðmunda Þorleifsdóttir
2. Erlín Linda Sigurðardóttir
3. Hulda Mjöll Hallfreðsdóttir

B-flokkur

1. Hilmar Halldórsson
2. Jóhannes Finnur Halldórsson
3. Björn Erlendsson

A-flokkur með forgjöf

1. Már Sveinbjörnsson
2. Ægir Vopni Ármannsson
3. Gylfi Sigurðsson

A-flokkur - höggleikur

1. Ellert Magnason
2. Gunnar Ólafur Schram
3. Jón Hermann Karlsson

Stúkukeppni

1. Glitnir
2. Mímir C-sveit
3. Mímir A-sveit

Ýmsir velunnarar Landsmótsins aðstoðuðu við útvegum verðlauna sem voru með glæsilegasta móti. Það var síðan Guðmundur B. Hannah sem sá um að útbúa alla verðlaunagripa mótsins og hefur séð um að merkja inn sigurvegara flokkanna á alla farandgripa.

Jóhann Gunnar Stefánsson,
formaður Frímanna

EIRVÍK

www.eirvik.is



www.kjarnafaedi.is

Bananar

www.banarar.is

BONUS

www.bonus.is



Grand

RÁÐSTEFNUR OG VEISLUHÖLD

Hjá **Grand Hótel Reykjavík** leggjum við okkur fram um að bjóða bestu og tæknilega fullkonnustu ráðstefnuaðstöðu á landinu.

Á hótelinu er frábær aðstaða fyrir 6–450 manna ráðstefnur, 14 funda- og veislusalir og aðstaða fyrir stórsýningar og stórar og smáar veislur. Fjarfundir og beinar útsendingar.

Grand Hótel Reykjavík / Sigtúni 38 / 105 Reykjavík
Sími 5148000 / Fax 5148030 / www.grand.is / radstefnur@grand.is

Grand
HÓTEL
REYKJAVÍK

Mikið úrval
blöndunartækja

TENGI



Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15
Smiðjuvegi 76 | 200 Kópavogi | Baldursnesi 6 | 603 Akureyri | www.tengi.is

Munið
minningarkort
bræðranefndar

Hægt er að panta kort
á heimasíðu
Frímúrarareglunnar
www.fmr.is

KORTA ÞJÓNUSTAN

mbl.is

Fagmennska í fyrirrúmi



Háaleitisbraut 58-60 • Sími 553 1380

*Ekta
fiskur*



*Sérfræðingar
í saltfiski*

- Útvaður saltfiskur án beina til suðu
- Sérútv. saltfiskur án beina til steikingar
- Ýsa, þorskur, gellur, kinnfiskur, rækjur
- Einnig fjölbreytt úrval tilbúinna rétta

PÖNTUNARSÍMI:

466 1016

www.ektafiskur.is

FRUMKVÖDLAFYRIRTÆKI ÁRSINS 2007 - VÍÐURKENNING FRÁ MATUR ÚR HÉRAÐI - LOCALFOOD

Ekran

www.ekran.is

Áróður nasista gegn frímúrurum

Grunsemdir í garð frímúrara eru næstum jafngamlar og reglustarfið sjálft. Síðan snemma á 18. öld hafa einstaklingar og hópar sakað frímúrara um eitt og annað, m.a. um áætlanir um heimsyfirráð, djöfladýrkun við inntöku nýrra félaga, að þegja yfir myrkraverkum og samsærum um að steypa af stóli réttkjörnum fulltrúum þjóða, svo fátt eitt sé hér nefnt.

Sem sagt frímúrarar hafa lengi mátt sitja undir ósanngjörnum og upplognum áróðri. En færri vita, að á sama tíma hefur frímúrarastarf styrkt stöðir þjóðfélaga, byggt upp einstaklinga, komið að og styrkt mörg góð málefni og þar með látið margt gott af sér leiða. Þrátt fyrir þessi jákvæðu ætlunarverk sín hafa frímúrarar þurft að heyja harða baráttu fyrir því að leiðrétta misskildar skoðanir um reglustarfið. Og það kom því ekki neinum á óvart þegar nasistar komust til valda í Pýskalandi, að sérstök fæð væri lögð á frímúrarastarfið, og það ekki eingöngu í Pýskalandi heldur og líka í öllum



Undir hæl nasista var skipulagður áróður gegn frímúrurum. Hér er mynd frá Belgíu frá árinu 1941, þar sem auglýsing um sýningu sem átti að sanna samsæriskenningar nasista um Regluna sést fyrir framan frímúrarahúsið í Brussel.

löndum sem nasistar lögðu undir sig í seinni heimsstyrjöldinni, m.a. í Noregi og Danmörku.

Góður vinur Minjasafns Reglunnar br. Frank Langenaken, minja- og skjalavörður belgíska frímúrarasafnsins í Brussel, afhenti Minjasafni Reglunnar gamla kvikmynd frá 1942. Þessi kvikmynd *Les Forces Occultes* var gerð fyrir tilstuðlan setuliðs nasista í Frakklandi og í samstarfi við „Vichy“-stjórnina sem þá var eins konar leppstjórn nasista í Frakklandi.

Þessi kvikmynd er merkileg fyrir þær sakir að hún var gerð til að sverta orðspor og tilgang frímúrara, áróðurmynd gegn frímúrarastarfinu. Fátt var hættulegra í augum nasista en frímúrarar. Myndin var kvik-

mynduð m.a. í „The Grand Orient de France - rue Cadet“ í París og í húsa-kynnum franska þingsins. Myndin er 43 mínútur að lengd og var frumsýnd almenningsi 9. mars 1943.

Hinir frönsku kvikmyndagerðarmenn nýttu sér „expressionískan“ stíl, m.a. í lýsingu til að kalla fram dimma og þunglamalega stemmningu.

Kvikmyndin segir frá ungum þingmanni, Pierre Avanel, sem gengur í Regluna. Þar uppgötvar hann að frímúrarar ásamt gyðingum eru að sannfæra Frakka um að ráðast gegn Pýskalandi. Leikstjóri myndarinnar var Paul Riche en hans rétta nafn var Jean Mamy. Hann var vilhallur „Vichy“-leppstjórninni og var eftir stríð dæmdur til dauða fyrir samstarf við nasista. Hann var tekinn af lífi 29. mars 1949.



Áróðursfrímerki frá Serbíu gegn frímúrurum og gyðingum. Þessi frímerki voru hluti af áróðursherferð Serba sem hliðhollir voru setuliði nasista í Serbíu í seinni heimsstyrjöldinni.



Frá Minjasafni Reglunnar

Jón Þór Hannesson
minjavörður



Neutral



Ikke tilsat parfume,
optisk hvidt
og farvestoffer

DEKL
MED AS



Neutral

skyllemiddel



Ikke tilsat parfume
og farvestoffer

4 x koncentreret



En holdning til følsom hud

Neutral[®]



Ikke tilsat parfume,
optisk hvidt
og farvestoffer



DEKLARERET I SAMARBEJDE
MED ASTMA ALLERGI FORBUNDET



En holdning til følsom hud



En holdning til følsom hud





Kjölföt

- Fjárfesting í glæsileika



- Úrval kjölfata
- Kjólskyrtur
- Lakkskór
- Hattar
- Fylgihlutir

Ég hef borið ábyrgð á klæðaburði þúsunda karlmannna í þrjá áratugi. Ég er þakklátur fyrir traustið sem viðskiptavinir hafa ávallt sýnt mér.

Sigurður Þóroddsson - Bobo

Sigurður Þóroddsson (Bobo)



karlmenn

Laugavegi 7 Sími: 551 3033